



Styrkir til meistara- og doktorsnáms

Próunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir til umsóknar styrki til meistara- og doktorsnáms á starfssviði stofnunarinnar. Að þessu sinni veitir 2 styrkir til doktorsnáms og 2 til meistaranáms.

Hlutverk rannsóknastyrkja Próunarsamvinnustofnunar Íslands (PSSÍ) er að styrkja íslenska nemendur í meistara- og doktorsnámi við háskóla til rannsóknaverkefna er snerta starfssvið stofnunarinnar. Rannsóknaverkefni skal nema að minnsta kosti 15 einingum af náminu og einkum tengjast próunarsamvinnu á eftirtöldum sviðum:

- Sjávarútvegi
- Jarðhita
- Menntamálum
- Heilbrigðismálum
- Vatns- og hreinlætismálum
- Stefnu og straumum í þróunarsamvinnu

Sérstakan forgang hafa verkefnaumsóknir, sem tengjast samstarfslöndum PSSÍ og/eða nýst geta stofnuninni í starfsemi hennar. Samstarfslönd PSSÍ eru Namibía, Malaví, Mósambík, Úganda, Srí-Lanka og Níkaragva.

Í umsókn skal gera grein fyrir tilgangi og markmiði rannsókna, framkvæmdalýsingu ásamt tíma- og kostnaðaráætlun, leiðbeinanda og við hvaða háskóla rannsókn verður unnin.

Styrkirnir skiptast í tvennt: annars vegar rannsóknastyrki og hins vegar ferðakostnað. Reiknað er með að viðkomandi þurfi að kynna sér aðstæður í því landi sem rannsóknin miðar að. Rannsóknastyrkirnir nema að hámarki 700.000 kr. fyrir meistaraverkefni og 1.400.000 kr. fyrir doktorsverkefni. Styrkir vegna ferðakostnaðar geta numið allt að 250.000 kr. og greiðast gegn framvísun staðfesta ferðareikninga.

Umsókn skal senda inn til Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, sem hefur umsjón með styrkjunum, á sérstöku eyðublaði, sem finna má á heimasíðunni <http://www.rthj.hi.is>

Umsóknarfrestur er til 17. mars 2008.

Nánari upplýsingar fást hjá:

Rannsóknþjónustu Háskólans,
s. 525 4900, netfang: rthj@hi.is

Próunarsamvinnustofnun Íslands,
Þverholti 14, sími 545 8980.